Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til skipulags-og umhverfisráðs

Kópavogi, 29. janúar 2026
26011333/005.05 ÁH

Efni: Svar við fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar dags. 14.janúar 2026

Fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar, fulltrúa í skipulags-og umhverfisráði varðandi undirbúning framkvæmda á Fannborgarreit, barst til formanns ráðsins þann 14.janúar. Í fyrirspurninni er óskað eftir svörum við sex spurningum varðandi framkvæmdina.

Spurningar og svör eru eftirfarandi:

1. Er búið að gefa út byggingarleyfi frá Kópavogsbæ fyrir framkvæmdum, niðurrifi og sprengingum á Fannborgarreit

Svar: Niðurrifsleyfi á Fannborg 2 verður tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 30.janúar. Ekki hafa verið gefin út leyfi þegar þetta er ritað. Framkvæmdaaðili hefur sinnt rifi innan úr byggingum en það eru ekki leyfisskyldar aðgerðir.

2. Hefur byggingarleyfið verið samþykkt í bæjarstjórn?

Svar: Nei

3. Hver var samanlagður heildarþungi flutningabílsins og gröfunnar sem þarna var flutt inn á torgið? (vísað til myndar í fyrirspurn)

Svar: Samkvæmt upplýsingum frá verktaka er þungi flutningabílsins umfram 7 tonn og áttaði bílstjóri sig á því eftir að hann sá skiltið sem er sýnt á myndinni. Hann fór lítillega inn á plötuna en aðeins til að snúa við og þannig að framöxull fór inn á plötuna. Heildarþungi ökutækisins er 10,325 tonn og má áætla að þungi sem fór inn á plötuna (framöxull) sé um 3,5 tonn. Samkvæmt verktaka eru ökumenn flutningabíla vel upplýstir um burðargetu plötunnar eftir þetta atvik.

4. Hefur verið kannað hvort skemmdir hafi orðið á svæðinu eftir þessa keyrslu inn á svæðið fyrir framan Fannborg 2,4 og 6?

Svar: Verktaki hefur skoðað burðarvirki bílakjallara en þar eru engin ummerki um afleiðingar af atvikinu, s.s. sprungur eða brot.

5. Hvernig verður eftirliti háttað með framkvæmdum á Fannborgarreit þegar og ef byggingarleyfið verður gefið út.

   Svar: Byggingarfulltrúi mun sinna eftirliti með framkvæmdinni samkvæmt skyldum. Vinnueftirlitið hefur það hlutverk að sinna eftirlit með sprengingum og öryggismálum einnig.

6. Verða menn látnir sæta viðurlögum við brotum af því tagi sem hér er framið?

   Svar: Kópavogsbær mun beita þeim lögbundnum þvingunum og úrræðum ef þörf er á.

Virðingarfyllst,

_____

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs
Rafræn undirritun

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásthildur Helgadóttir

Tími: 30.01.2026 9:54
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign